

Prófadagar

Kennslu á vorönninni lauk s.l. föstudag. Próf hófust í gær og er síðasti prófadagur 17.maí.

Einkunnabirting verður þriðjudaginn 23. maí kl. 11:00.

Prófúrlausnir verða til sýnis þann sama dag, þriðjudaginn 23.maí, kl. 12:00—13:30.

Slakað á í sólinni

Á síðustu kennsludögum var veðrið með eindæmum gott. Kenn-



arar notuðu þá tækifærið til að kenna á útivistarsvæðinu, Útgarði. Kennarar í íþróttum hafa boðið upp á fjölbreyttar íþróttir. Hér má sjá nemendur í jóga njóta veðurblíðunnar undir ómi gongsins.

Við óskum nemendum okkar góðs gengis í prófum og lokaverkefnum.

BRAUTSKRÁNING

nemenda verður laugardaginn 27. maí kl. 11:00 í Urðarbrunni.

Skólinn óskar nemendum og starfsmönnum gleðilegs sumars!

Sýningar listnámsnema

Nemendur í fata-og textílhönnun, leiklist og myndlist hafa staðið í ströngu þessa síðustu daga annarinnar. Lokasýningar á verkum nemenda leiklistarbrautar voru í boði svo og smærri sýningar. Nemendur í lokahópum á fata-og textílhönnunarsviði og á myndlistarsviði tóku höndum saman og héldu samsýningu í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi.

Allar þessar sýningar sýndu hvílík gróska er í listnáminu í FG og óskum við öllum nemendum innilega til hamingju með skemmtilegar sýningar.



Frumkvöðlafræði

Nemendur í frumkvöðlafræði sýndu enn og aftur frábæra frammistöðu á keppninni Ungir frumkvöðlar sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík. Tvö lið skólans komust í úrslita-keppnina og fékk annað þeirra sérstaka viðurkenningu fyrir áherslu á sjálfbærni.

